

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 16/2020

2023/EES/13/16

frá 7. febrúar 2020

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 2019/630 frá 17. apríl 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar lágmarkstryggingarvernd fyrir tapi vegna vanefndra áhættuskuldbindinga ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Lið 14a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013) í IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32019 R 0630**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/630 frá 17. apríl 2019 (Stjttð. ESB L 111, 25.4.2019, bls. 4).“

2. Aðlögunartexti l) er endurtölusettur sem aðlögunartexti m).

3. Eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við á eftir aðlögunartexta k).

„l) Í gr. 469a, að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „26. apríl 2019“ sem „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2020 frá 7. febrúar 2020“.“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/630, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. febrúar 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 111, 25.4.2019, bls. 4.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.